



ERINDISBRÉF

Velferðarnefndar

Stjórnskipuleg staða

Velferðarnefnd Hornafjarðar heyrir beint undir bæjarstjórn Hornafjarðar. Sviðsstjóri velferðarsviðs sveitarfélagsins er starfsmaður nefndarinnar.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í velferðarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu framkvæmdanefndar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi aðalman einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Kjörtímabil velferðarnefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og yfirmaður velferðarsviðs, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað. Að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur nefndin þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hlutverk og verksvið

Megin hlutverk velferðarnefndar er stefnumótun, reglusetning og yfirumsjón með velferðarmálum, þar á meðal félagsþjónustu, barnavernd, samþættri þjónustu í þágu farsældar barna, málefnum fatlaðs fólks, öldrunarmálum, húsnæðismálum, jafnréttismálum, fjölmenningu og forvarnarmálum. Nefndin starfar sem stefnumótandi og ráðgefandi vettvangur sveitarfélagsins, fylgist með því að starfsemi og þjónustustig séu í samræmi við lög, reglugerðir og markmið sveitarstjórnar, og stuðlar að öflugri hagsmunagæslu og samstarfi við viðkomandi notendahópa og samtök þeirra.

Meðal verkefna velferðarnefndar er eftirfarandi:

- **Stefnumótun:** Að gera tillögu til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um markmið, reglur og stefnu sveitarfélagsins sem snúa að félagsþjónustu, barnavernd, forvörnum, málefnum fatlaðs fólks, öldrunarmálum, fjölmenningu, húsnæðismálum, jafnréttis- og mannréttindamálum. Við stefnumótun skla nefndin fylgjast með samfélagslegum vísbendingum og lýðfræðilegri þróun (svo sem aldursdreifingu, íbúasamsetningu, biðlistum eftir þjónustu og húsnæðisþörf) til að tryggja að stefnumótun og áætlanir sveitarfélagsins byggist á áreiðanlegum gögnum og mæti raunverulegum þörfum íbúa.
- **Barnaverndarþjónusta:** Velferðarnefnd fer ekki með beinar valdheimildir í einstökum barnaverndarmálum. Framkvæmd barnaverndarþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar er sameinuð með Fjarðabyggð undir heitinu Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þar sem fagfólk fer með sjálfstætt ákvörðunarvald í barnaverndarmálum á grundvelli samstarfssamnings sveitarfélaganna. Velferðarnefnd fer með almenna stefnumótun og stjórnsýslulegt eftirlit með starfseminni en tekur ekki fyrir málefni



einstakra barna á fundum sínum, sbr. breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með lögum nr. 107/2021.

- **Farsæld barna:** Að móta stefnu og fylgjast með innleiðingu og framkvæmd samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í samræmi við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 2, þar á meðal að stuðla að öflugri samþættingu milli félagsþjónustu, skóla- og frístunda, heilsugæslu og annarra þjónustukerfa á vegum sveitarfélagsins.
- **Eftirlit með gæðum og þjónustu:** Að fylgjast með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í velferðarmálum nái fram að ganga og að stofnanir, sameiginleg þjónustukerfi og þjónustusamningar sem undir nefndina heyra starfi í samræmi við lög, reglugerðir og fjárhagsáætlanir.
- **Ársskýrsla og framkvæmdaáætlun:** Að yfirfara og staðfesta ársskýrslu og framkvæmdaáætlun velferðarsviðs þar sem fram koma tölfræðilegar upplýsingar um starfsemina, árangursmælikvarðar, áskoranir og forgangsverkefni í þjónustunni á starfssvæðinu.
- **Fjárhagsleg yfirumsjón:** Að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um þá útgjaldaliði og gjaldskrár sem falla undir verksvið nefndarinnar í samstarfi við sviðsstjóra velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- **Samráð og samhæfing:** Að fjalla um fundargerðir, ályktanir og tillögur öldungaráðs, notendaráðs um málefni fatlaðs fólks og fjölmenningsráðs og fylgja þeim málum eftir, eftir því sem við á.
- **Samstarf við frjáls félagsamtök og grasrótarsamtök:** Að leggja mat á samstarf Sveitarfélagsins Hornafjarðar við frjáls félagasamtök, sjálfbodaliðasamtök og grasrótarsamtök sem starfa á sviði velferðar- og forvarnarmála (svo sem Rauða krossinn, íþróttafélög og önnur hagsmunasamtök).
- **Önnur verkefni:** Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar felur nefndinni.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Nefndin kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði, formaður stýrir fundi. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi nefndar að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna, en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess, sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Starfsmaður nefndarinnar sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum nefndarinnar.

Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til starfsmanna stjórnarsýslu sem sjá um að fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar bæjarráðs sveitarfélagsins.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem sviðsstjóri velferðarsviðs útbýr.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt um kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Eftirfylgni

Velferðarnefnd og starfsmaður nefndarinnar hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni velferðarmála. Formaður og aðrir fulltrúar í velferðarnefnd skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði velferðarnefndar að framfylgja.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu, þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Um hæfi nefndarmanna í velferðarnefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um hæfi starfsmanna gildir II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal velferðarnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

*Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 30. júní 2026**
Hjalti Þór Vignisson
Bæjarstjóri

**Samkvæmt 7. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur. Samkvæmt 351. fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar þann 4. júní 2026 fer bæjarráð með fullt umboð til afgreiðslu mála á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, frá og með 16. júní 2026 til 20. ágúst 2026*